

Nd. **484. Tillaga til þingsályktunar** **[197. mál]**
um rekstur Landssmiðjunnar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlanir um endurskipulagningu Landssmiðjunnar í þeim tilgangi, að afkastageta fyrirtækisins verði nýtt til fullnustu, til dæmis í sambandi við áformin um gerð þurrkvíar í Reykjavík. Skulu áætlanir þessar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi ásamt tillögum um fjáröflun til þess að koma vélakosti og rekstri Landssmiðjunnar í nútímalegt horf.